

# Framtalsgerð og upplýsingaskil rekstraraðila 2008

## Skylduskil á RSK 1.04

Öllum skattskyldum lögaðilum er skylt að skila skattframtali sínu á forminu RSK 1.04. Ennfremur er einstaklingum í atvinnurekstri með veltu yfir 20 m.kr. á árinu 2007 skylt að skila uppgjöri rekstrar síns á því formi.

Leiðbeiningar um útfyllingu og skil rekstrarframtalsins fást afhentar hjá skattstjórum. Þær er einnig að finna á vef ríkisskattstjóra, [rsk.is](http://rsk.is).

## Skilaleiðir

Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 má skila:

- Á netframtali á þjónustusiðu framteljanda, [skattur.is](http://skattur.is).
- Með tölvuskeyti úr framtalsforriti.
- Á pappírseyðublaði RSK 1.04.

**Eindregið er mælt með því að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.**

Öll rafræn framtöl fá ákveðna villuprófun, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

## Vefskil á RSK 1.04

Boðið er upp á skil á RSK 1.04 í netframtali ríkisskattstjóra. Farið er inn á netframtalið í gegnum þjónustusiðu á [skattur.is](http://skattur.is) og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum framteljendum á sérstöku blaði, hafi hann ekki verið gerður *varanlegur*.

## Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti

Skila má RSK 1.04 með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókará.

## Fylgiskjöl með RSK 1.04

RSK 1.04 skal, í öllum tilvikum, fylgja ósamandreginn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusiðu á [skattur.is](http://skattur.is).

Með RSK 1.04 skal einnig, eftir því sem við á, skila:

- RSK 4.01 Eignaskrá.
- RSK 4.03 Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- RSK 4.09 Greinargerð um fólksbifreiðar.

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, RSK 4.07, ásamt RSK 1.04. Á þessu eyðublaði er útreikningur búnaðargjaldsstofns og yfirlit yfir bústofn. Skili lögaðilar í búrekstri RSK 1.04 á pappír, þarf að fylgja með bústofnshluti landbúnaðarskýrslu RSK 4.08, ásamt búnaðargjaldsframtali RSK 1.09.

Eyðublöðunum RSK 10.26 og RSK 10.27 ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði RSK 10.25 vegna hvers virðisaukaskattsnúmers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer. Öllum þessum eyðublöðum er hægt að skila rafrænt.

## Pappírsframhaldseyðublað RSK 4.14

Ef ekki eru nógu margar línur á RSK 1.04 á pappírformi til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað RSK 4.14. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á RSK 1.04.

**Sundurliða skal leiðréttingar skv. reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu á framhaldsblaðinu.**

Þar á einnig að sundurliða þær skattalegu leiðréttingar, sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu RSK 1.04. **Ef reitur 4400 á RSK 1.04 er útfylltur skal undantekningalaust skila framhaldseyðublaði RSK 4.14.**

Kennitala þarf að koma fram á öllum framhaldsblöðum.

**Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæk skil.**

## Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04 á pappír

- Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.
- Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur í samtölureitum.
- Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsíðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.

## Skattframtal óskattskyldra lögaðila – RSK 1.06

Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003, eiga **ekki** að skila skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04*. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvíslegum gögnum til skattstjóra.

Á sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, **RSK 1.06, Skattframtal óskattskyldra lögaðila**, eiga að koma fram allir gjaldstofnar sem þessi félög geta átt að gera grein fyrir og skila til skattstjóra. Hér getur verið um að ræða, eftir atvikum, tryggingagjaldsstofn (ef félagið hefur greitt laun á árinu), iðnaðarmálagjaldsstofn og búnaðargjaldsstofn. Hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa eða vaxtatekjur þarf að fylla út kaflann „Greinargerð um fjármagnstekjur“ á *RSK 1.06*.

## Skil á launaupplýsingum vegna álagningar tryggingagjalds

Á árinu 2008 verða skil lögaðila og einstaklinga í rekstri á launaframtali með óbreyttum hætti frá fyrra ári:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 6. síðu skattframtals rekstraraðila *RSK 1.04* og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtali *RSK 1.05*. Skilafrestur skattframtals lögaðila rennur út í lok maí 2008.
- Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og sem skila skattframtali á pappír, og lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 og skila ekki rafrænu skattframtali *RSK 1.06*, skulu skila launaframtali *RSK 1.05* á pappír, hafi þeir greitt laun eða framlag í lífeyrissjóð á árinu 2007. Skilafrestur launaframtals *RSK 1.05* er til 28. janúar 2008 sé launamiðum skilað á pappír, en til 8. febrúar 2008 sé launamiðum skilað á tölvutæku formi.
- Einstaklingar í rafrænum framtalsskilum skila hvorki launaframtali *RSK 1.05*, né fylla út bls. 6 á skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04*, heldur gera þeir grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á samræmingarblaði *RSK 4.05*.

## Skil á launamiðum og samtalningsblaði

Þrátt fyrir að skattskyldir lögaðilar geri grein fyrir stofni til tryggingagjalds á bls. 6 á *RSK 1.04*, þá eiga þeir eftir sem áður að skila launamiðum **28. janúar 2008** (sé miðunum skilað á pappír) eða **8. febrúar 2008** (sé þeim skilað á tölvutæku formi).

Samtalningsblaði úr launakerfi, þar sem fram koma samtölur allra reita á launamiðum, sem sendir eru til skattstjóra, skal skilað með launamiðum sem sendir eru á pappír, geisladiski eða segulmiðli, til afstemmingar við innlestur.

## Skil á hlutafjármiðum og samtalningsblaði hlutafjár

**Minnt skal á að öllum hlutafélögum og einkahlutafélögum ber að skila hlutafjármiðum *RSK 2.045***, ásamt samtalningsblaði hlutafjár *RSK 2.04*. Á hlutafjármiðum þurfa m.a. að koma fram upplýsingar um hlutafjáreign hluthafa í árslok og greiddan arð til þeirra á árinu 2007. Sömu skilafrestir eiga við um skil hlutafjármiða og launamiða.

Með sama hætti eiga samvinnufélög að skila stofnsjóðsmiðum *RSK 2.065* og samtalningsblaði stofnsjóðs *RSK 2.06*.

## Rafræn skilaleið launamiða og hlutafjármiða

*RSK* bauð á árinu 2005 upp á nýjungar í launamiðaskilum, sem fólust í beinum skilum úr launakerfum með XML-skeyti eða skráningu launamiða og innlestri launamiðaskráa á þjónustusíðu launagreiðanda á *skattur.is*. **Allir launagreiðendur og hlutafélög eru hvött til að nota þessar skilaleiðir vegna skila á launamiðum og hlutafjármiðum.**

Eldri skilaleiðir launamiða og hlutafjármiða (á disklingi eða á pappír) verða þó einnig áfram í boði með óbreyttu sniði á árinu 2008.

## Skil á afdreginni staðgreiðslu af vöxtum og arði

Öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila ber að skila *RSK 5.20*, skilagrein vegna skatts af vöxtum og arði. Skýrsluna (gíróseðillinn) er unnt að greiða í öllum bönkum, sparisjóðum og hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Hafi ekki verið um að ræða neinar skattskyldar greiðslur arðs, vaxtatekna eða affalla á árinu, skal skila núllskýrslu til skattstjóra.

Gjaldþagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af vöxtum og arði ársins 2007 er 15. janúar 2008 en eindagi 30. janúar. Greiða skal í síðasta lagi á eindaga.